

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
 Sigurður Á Bráinsson
 Skuggasund 1
 150 REYKJAVÍK

Garðabær, 10. ágúst 2017
 2017070004/42-5
 KHS, GAG, TB
 jgo/tb


Friðun teistu

Vísað er til bréfs frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 3. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi Fuglaverndar, Skotvís og Vistfræðifélags Íslands til ráðuneytisins frá 10. júní sl. þar sem lagt er til að teista verði friðuð þ.e.a.s. að heimildir til að stunda skotveiðar á teistu verði feldar úr gildi.

Náttúrufræðistofnun tekur undir tillögur framangreindra félagasamtaka um að heimildir til að stunda skotveiðar á teistu verði feldar úr gildi. Á undanförunum árum hefur ítrekað verið bent á hnignun svartfuglastofna, ekki síst teistu, og að teista sé yfirleitt ekki heppileg veiðitegund vegna líffræði hennar og lifnaðarháttar. Minna má á að árið 2011 lagði starfshópur um verndun og endurreisn svartfuglastofna, á vegum þáverandi umhverfisráðherra, til að teista yrði friðuð næstu fimm árin, sjá https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf_skrar/tillogu_r-svartfuglahops-2011.pdf, sjá bls. 11, 14 og 24. Sömu sjónarmið koma fram í skýrslu sem unnin var fyrir umhverfis- og auðlindaráðherra árið 2013, Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur, sjá https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Vern_d-velferd-og-veidar-LOKA-8-mai-2013.pdf bls. 209, 211, 222 og 273. Jafnframt kemur fram á bls. 21 í skýrslu (óbirt gögn) skilað til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í tengslum við úthlutun úr veiðkortasjóði, unnin í apríl 2016, Vöktun veiðfugla- tillögur um forgangs röðun verkefna, að það blasi við friða þurfi teistu fyrir skotveiðum.

Meðf: Upplýsingar um framangreindar tilvitnanir

Virðingarfyllst




Jón Gunnar Ottósson
 forstjóri



Trausti Baldursson





Teistustofninn er mun minni en hinna svartfuglanna og hefur verið áætlaður um 10.000- 15.000 pör [73]. Víða um landið hefur teistu fækkað verulega, svo sennilega er þessi tala mun lægri (Ævar Petersen, munnl. uppl.). Leiddar hafa verið líkur að því að hnignunin tengist breytingum á fæðuframboði og ágangi minks í landvörp en einnig ferst mikið af teistu í grásleppunetum [330, 563]. Á Ströndum hefur orðið vart við mikla fækkun teistu þar sem varpstofn virðist hafa minnkað um 80% frá 1959. Talið er að fækkunin þar tengist landnámi minks [564] en teistu hefur einnig fækkað mikið í Flatey á Breiðafirði síðustu ár þar sem enginn minkur er [565]. Eins fækkaði teistu milli 1980 og 2007 í Flatey á Skjálfanda [312]. Teista heldur sig á grunnslóð í nágrenni við landið árið um kring og er því hægt að veiða hana allan veiðitímamann, frá byrjun september og fram á varptíma að vori. Veiðar á öðrum svartfuglum eru oftast tímabundnari þar sem þeir hverfa frá landinu yfir veturinn, að hluta til eða jafnvel öllu leyti (lund og stuttnefja). Veiðilág á teistustofninn er verulegt, jafnvel allt að 10-20% af áætlaðri stofnstærð með fyrirvara um að stofnstærð er ekki þekkt með viðunandi vissu. Sennilega er teista yfir höfuð ekki heppileg veiðitegund vegna líffræði sinnar, lífnaðarháttá og lítillar stofnstærðar. (bls 209)

Sjá einnig bls 211, 222, 273

https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Vernd-velferd-og-veidar-LOKA-8-mai-2013.pdf

Starfshópurinn telur mikilvægt að gripið verði til verndaraðgerða þegar í stað til þess að styrkja verndun og sjálfbæra nýtingu stofna svartfugla, lunda og teistu til framtíðar. Starfshópurinn leggur til eftirfarandi aðgerðir, sjá einnig sérálit frá Skotvís og Umhverfisstofnun í viðaukum A-B : 1.

Starfshópurinn leggur til að teista verði friðuð fyrir öllum veiðum næstu fimm árin. Teistustofninn er talinn vera um 10-20.000 pör og frá því að skráning veiði í veiðikortakerfinu var tekin upp árið 1995 hefur árleg skráð veiði verið um 10% af stofninum. Auk þess ferst verulegt magn af teistu í veiðarfærum (aðallega í hrognkelsanetum) báta og fiskiskipa samkvæmt endurheimtum á fuglamerkjum... (bls 24)

sjá einnig bls 11, 14

https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf_skrar/tillogur-svartfuglahops-2011.pdf

Vöktun veiðifugla – tillögur um forgangsröðun verkefna

Kristinn Haukur Skarphéðinsson¹, Erpur Snær Hansen², Guðmundur A. Guðmundsson¹, Ólafur K. Nielsen¹, Róbert Arnar Stefánsson² og Þorkell Lindberg Þórarinnsson²



¹Náttúrufræðistofnun Íslands



²Samtök náttúrustofa

Apríl 2016

Samantekt

Haustið 2014 fól umhverfis- og auðlindaráðuneytið Náttúrufræðistofnun Íslands og Samtökum náttúrustofa að leggja fram tillögur um endurskoðun á því hvernig úthlutað er úr svokölluðum Veidikortasjóði. Markmiðið var að tryggja að tiltekinn hluti fjármuna sjóðsins renni til vöktunar, mælinga á stofnstærð og mats á veiðipoli þeirra fuglategunda/tegundahópa sem veiðar eru stundaðar á.

Í þessari skýrslu eru dregnir saman lykilkættir varðandi stofnvistfræði og lýðfræði 30 íslenskra veiðifugla, birt yfirlit um veiðitölur frá Umhverfisstofnun (1995-2014) og metið veiðiálag á þessar fuglategundir. Nokkrar þeirra hafa verið vaktar með viðunandi hætti en þekking á stofnum margra er mjög lítil og forsendur fyrir sjálfbærri nýtingu því stundum ekki fyrir hendi. Þá eru yfirleitt ekki skilgreind markmið um stofnstærðarstjórnun fyrir einstakar tegundir og sjaldan hefur verið reynt að meta sjálfbærni veiða úr íslenskum fuglastofnum. Því er nauðsynlegt að stórefla vöktun á stofnun veiðifugla, rannsóknir á lýðfræði þeirra og semja verndar- og nýtingaráætlanir fyrir allar tegundir.

Mat á sjálfbærni veiða var reiknað út með svonefndri PBR (Potential Biological Removal) aðferð en hún hentar vel til frummats á sjálfbærni veiða þegar upplýsingar um stofna eru litlar eins og á við um flesta íslenska fuglastofna.

Á grundvelli lykilkættanna eins og alþjóðlegs mikilvægis einstakra fuglastofna sem hér er að finna, stofnþróunar, veiðiálags og þýðingu bráðar fyrir veiðimenn var vöktunarverkefnum fyrir allar íslenskar tegundir veiðifugla forgangsraðað. Þær tegundir sem raðast hæst eru annars vegar hefðbundnir veiðifuglar og hins vegar tegundir sem taldar eru valda tjóni og gengið hefur verið mjög hart að. Lagt er til að tekjur sem fást fyrir sölu veiðikorta kosti vöktun eftirfarandi tegunda eða hópa til lengri tíma: lunda, bjargfugla (fýll, langvía, stuttnefja, álka, rita), rjúpu, gæsa og skarfa.

Mikilvægi vöktunar á viðkomandi tegund/hóp er rökstutt og fjallað er sérstaklega um einstök verkefni sem ýmist eru tegundamiðuð eða taka til fleiri en einnar tegundar. Loks eru birt í viðauka drög að yfirliti um einstakar veiðitegundir, mat á stofnum þeirra og veiði sem byggir sú umfjöllun enn sem komið er að mestu leyti á fuglavöktunarskýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 2012. Lagt er til að þeirri vinnu verði haldið áfram og yfirlitið uppfært árlega í sérstakri skýrslu um stöðu veiðifugla. Janframt að sú skýrsla verði framvegis grundvöllur veiðiráðgjafar og veiðistjórnunar og fái því sambærilega stöðu og skýrsla Hafrannsóknarstofnunar um ástand nytjastofna í sjó.

Í ljósi bágrar stöðu sumra veiðistofna er að mati skýrsluhöfundanna ekki réttlætanlegt að halda áfram sókn í stuttnefju, teistu, svartbak, hvítmáf, silfurmaf, kjóa og hrafn. Auk þess eru nánast engar upplýsingar um meint tjón sem sumar þessar tegundir eru taldar valda eða hver áhrif veiða eru til að draga úr tjóninu. Nauðsynlegt er að gera hið allra fyrsta sérstaka úttekt á viðkomandi stofnum og við blasir að takmarka verði veiðar úr þessum stofnum og friða sumar tegundir.

.....

4.7 Teista (bls 21)

Teistustofninn er mun minni en stofnar annarra svartfugla og hefur verið áætlaður um 10.000-15.000 pör (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Teistu hefur fækkað verulega, svo sennilega er þessi tala mun lægri (Ævar Petersen, munnl. uppl.). Leiddar hafa verið líkur að því að hnignunin tengist breytingum á fæðuframboði og ágangi minks en einnig ferst mikið af teistu í grásleppunetum (Ævar Petersen 2002, Frederiksen og Petersen 1999). T.d. er talið að um 2000 teistur hafi farist í grásleppunetum árið 2014 (Ólafur K. Pálsson o.fl. 2015) og er það

álíka mikið og veiðimenn skutu árin á undan (1. og 2. viðauki). Á Ströndum hefur orðið vart mikillar fækkunar teistu þar sem varpstofn virðist hafa minnkað um 80% frá 1959. Talið er að fækkunin þar tengist landnámi minks (Jón Hallur Stefánsson og Björk Guðjónsdóttir 2004, 2006). Teistu hefur einnig fækkað mikið á síðustu áratugum í minklausum eyjum, þ.e. í Flatey á Breiðafirði (Ævar Petersen 2001; munnl. uppl.) og Flatey á Skjálfanda (Ævar Petersen 2010b). Teista heldur sig á grunnslóð árið um kring og er því hægt að veiða hana allan veiðitímann, frá byrjun september og fram á varptíma að vori. Veiðar á öðrum svartfuglum eru oftast tímabundnari þar sem þeir hverfa frá landinu yfir veturinn, að hluta til eða að öllu leyti (lund og stuttnefja). Sennilega er teista ekki heppileg veiðitegund vegna líffræði sinnar, lífnaðarháttar og lítilrar stofnstærðar. (Byggt á Menja von Schmalensee o.fl. 2013).

Núverandi vöktunarverkefni ná til lítils hluta stofnsins enda er þetta tegund sem er mjög erfitt að fylgjast með á varpstöðvum. Lagt er til að gerð verði sérstök úttekt á ástandi teistustofnsins og áhrifum veiða en allt bendir til þess að teista þoli ekki núverandi veiðar ásamt dauðsföllum í grásleppunetum. Einnig verður að bæta verulega skráningu á meðafli í net.

Forgangsröðun: A

Commented [KHS1]: Ath veiðilág líklega verulega vanmetið ef meðafli reiknast með, myndi því örugglega lenda í A – eða hvað?

Rökstuðningur: Teistan er faliðuð samanborið við aðra svartfuglastofna og aðgengileg til veiða á grunnslóð árið um kring, ólíkt hinum tegundunum. Visbendingar eru um mikla fækkun teistu og álag vegna skot- og netaveiða er mikið. Friðun fyrir skotveiðum blasir við.


.....

Teista *Cephus grylle islandicus* (bls 62)

Evrópastofn stöðugur 130.000–300.000 pör (50–74% heimsstofns). Varpstofn á Íslandi álitinn 10.000–15.000 pör (ágiskun; Náttúrufræðistofnun Íslands 2000), eða 3–8% Evrópastofns. Sérstök deilitegund. Árleg vöktun teistuvarfs í Flatey á Breiðafirði síðan 1974, en allsendis óvíst hvort það endurspeglir stofnþróun á landsvísi. Víða hefur orðið vart fækkunar, m.a. í Flatey (Ævar Petersen 2001; munnl. uppl.), á Ströndum og víðar og er sú þróun þar rakin til landnáms minks (Jón Hallur Jónsson & Björk Guðjónsdóttir 2004). Hefur einnig fækkað í Flatey á Skjálfanda sem er laus við mink eins og nafna hennar á Breiðafirði (Ævar Petersen 2010b). Nær alger staðfugl. Veiðar á Íslandi 3.700 fuglar á ári auk mikils meðafli í grásleppunet, SPEC 2, ETS H, Bern 3, AEWB B1.

Vöktunartillaga (NÍ 2012): Bæta stofnmat. Vakta fleiri vörp en í Flatey. Tíðni 5 ár. Vetrarfuglatalningar gefu væntanlega sæmilega stofnvísitölu.

Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn Haukur Skarphédinsson 2012



Fjöldi veidra teista á árunum 1995-2013. Nokkrar sveiflur hafa verið í veiðinni en hún hefur minnkað umtalsvert á allra síðustu árum. Vísbendingar eru um að umfang netadauda sé umtalsvert hjá teistu (Ólafur K. Pálsson o.fl. 2015). Byggt á veiðitölum frá UST (2.víðauki).